

Mál nr. 14/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 22. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 14/2011

X gegn Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 11. apríl 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 2. maí 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 30. maí. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu Y sent ítrekunarbréf dagsett 10. október og henni gefinn viðbótasvarfrestur í 7 daga eða til 17. október sem kærða Y svaraði ekki heldur. Þar ef siðanefnd þótti sýnt að kærða Y myndi ekki nýta sér andmælarétt sinn skriflega þá var hún með bréfi dagsettu 10 nóvember boðuð á sáttafund 22. nóvember sem haldinn var á skrifstofu HRFÍ. Þar mættu aðilar og kærða Y skýrði það að hún hefði frekar kosið að mæta á fundinn og gera þar grein fyrir sjónarmiðum sínum og gaf skýringar á því að augnskoðun vantaði. Þar sem siðanefnd taldi öll sjónarmið fram komin er máli skipti, sættir reyndust árangurslausar tók siðanefnd málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 14.-17. nóvember 2010 var tíkin XX pöruð við rakkann Tíbráar YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu labrador retriever og er tíkin í eigu kærðu Y. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða Y kom fyrir nefndina og gerði þar grein fyrir því að tíkin hefði lóðað fyrr en von var á og augnskoðun var því ekki framkvæmd fyrr en nokkrum dögum eftir að hún var pöruð. Hún lét þess getið að ekkert væri um sjúkdóma að ræða í blóðlínu tíkarinnar og því hefði hún ákveðið að taka áhættu enda hafi hún ekki gert sér grein fyrir alvarleika þess að hafa tilskilin vottorð fyrirliggjandi við pörun. Þá hefði ekkert greinst við augnskoðun í tókinni.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01. nóvember 1999).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 14.-17. nóvember 2010 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Labrador retriever skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 18 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Í gögnum málsins kemur fram að tíkin hafi verið augnskoðuð nokkrum dögum eftir pörun og þar hafi engin merki komið fram um arfgengan augnsjúkdóm. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist augnskoðun eftir. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Það skal þó tekið tillit til þess að kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.
Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir